



## SKULDBINDANDI SAMNINGAR - 8 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

MARS 2012

# EFNISYFIRLIT

NÍÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR .....	3
VIÐBRÖGD UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS .....	6
1 INNGANGUR .....	7
2 SKULDBINDANDI SAMNINGAR UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS.....	8
2.1 Fjöldi, kostnaður og gildistími.....	8
2.2 Ákvæði skuldbindandi samninga .....	9
2.3 Eftirlit á samningstíma.....	10
2.4 Úttekt og endurskoðun samninga .....	12
2.5 Eftirlit með stofnunum .....	13

# NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Á undanförunum árum hafa einstök fagráðuneyti gert fjölmarga samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um tiltekin verkefni. Ýmist standa fagráðuneytin eða stofnanir þeirra ein að slíkum samningum eða með aðkomu annarra ráðuneyta. Í þessari úttekt Ríkisendurskoðunar er gerð grein fyrir könnun 11 samninga utanríkisráðuneytis sem gefnir eru upp í yfirlitinu „Skuldbindandi samningar“ í frumvarpi til fjárlaga. Áætlaður kostnaður við samningana var 643 m.kr. árið 2011. Þar af nam kostnaður við átta samninga Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um 98%.

Utanríkisráðuneyti fylgir föstu verklagi við eftirlit með samningum sínum og heldur utan um þá í málaskrá. Sama gildir um meðferð innsendra gagna er tengjast málum í málaskrá. Ráðuneytið skilar samningsaðilum þó ekki formlegu mati á innsendum gögnum. Þá hafa verklagsreglur vegna samstarfssamninga við frjáls félagasamtök ekki verið skjalfestar og telur Ríkisendurskoðun að úr því þurfi að bæta.

Athugun Ríkisendurskoðunar sýnir að samræma þarf ákvæði um eftirlit í samningum utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar. Í tveimur samningum ráðuneytisins kemur fram að það geti hvenær sem er kynnt sér verkefnastöðu, framkvæmd gerðra áætlana og árangur og látið fara fram athugun á fjárreiðum. Ekki er þó gert ráð fyrir að slíkar úttektir verði gerðar. Árangur skuldbindandi samninga er meðal annars metinn með samanburði ársskýrslna og framkvæmdáætlana og með könnun á því hvort ákvæði samnings hafi verið uppfyllt með fullnægjandi hætti. Flestir samningar Þróunarsamvinnustofnunar hafa ákvæði um úttektir á samningstíma og/eða undir lok hans. Árangur samninga stofnunarinnar er metinn í lokaúttektum sem gerðar hafa verið við lok langflestra verkefna en fyrirhugað er að leggja frekari áherslu á úttektirnar. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til þess að leggja sömu áherslu á úttektir og stofnun þess gerir.

Í sex af 11 samningum utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar eru sett skilyrði fyrir greiðslum, svo sem heimild til að stöðva þær ef framlög eru ekki notuð í samræmi við samninga eða að breyta fjárhæðum í samræmi við verkefna- og fjárhagsstöðu. Ráðuneytið hefur ekki nýtt sér slík ákvæði í miklum mæli en við útgreiðslur er litið til fjárveitinga, greiðslu- og fjárhagsáætlana og ákvæða samninga, svo sem um skýrslugjöf. Hjá Þróunarsamvinnustofnun er það almenn regla að greiðslur taki mið af upplýsingagjöf þótt ákvæði um slíkt séu ekki í öllum samningum. Ríkisendurskoðun hvetur til þess að þar sem því verði við komið séu greiðslur tengdar við markmið samninga, framvindu verkefna eða frammi-stöðu samningsaðila, svo sem upplýsingaskil eða áfanga sem nást.

**11 SAMNINGAR UM  
643 M.KR.  
GREIÐSLUR Á ÁRINU  
2011**

**SKJALFESTA ÞARF  
VERKLAGSREGLUR**

**MIKILVÆGT AÐ TAKA  
ÚT FRAMKVÆMD  
VERKEFNA OG  
MEÐFERÐ FRAMLAGA  
RÍKISINS**

Við vinnslu úttektarinnar benti utanríkisráðuneyti á að þrátt fyrir að ákvæði samninga tilgreindu ekki ákveðna þætti, svo sem upplýsingaskil, skilyrði fyrir greiðslum og úttektir, þá væru þeir hluti af eftirliti ráðuneytisins eða stofnunar þess. Ríkisendurskoðun bendir á að mikilvægt er að ákvæði samninga endurspegli vinnubrögð verkkaupa.

Innan utanríkisráðuneytis starfar stýrihópur um þróunarsamvinnu sem er ráðuneytisstjóra til ráðgjafar um eftirlit með rekstri, faglegum afgreiðslumálum og skuldbindingum á sviði þróunarsamvinnu. Reynsla af störfum stýrihópsins gefur til kynna að efla megi hlutverk hans, meðal annars með umfjöllun um úttektir á verkefnum. Ráðuneytið skoðar þann möguleika að allar úttektir verði lagðar fyrir stýrihópinn, hann fjalli um tillögur sem þar koma fram og hafi skýrt hlutverk við að fylgjast með hugsanlegum aðgerðum sem ákveðið er að ráðast í á grundvelli úttekta. Þá hafa ráðuneytið og þróunarsamvinnustofnun komið á fót fagteymi um verklag og fagleg vinnubrögð í þróunarsamvinnu. Ríkisendurskoðun telur skipan stýrihóps og fagteymis styðja vel við eftirlitshlutverk ráðuneytisins og stofnunar þess. Hugmyndir um breytingar á hlutverki stýrihóps eru líklegar til að efla eftirlit enn frekar.

Ráðuneyti ber að hafa eftirlit með fjárreiðum og skuldbindingum stofnana sem undir það heyra. Að mati Ríkisendurskoðunar er hluti af því eftirliti að fylgjast með hvort og þá með hvaða hætti stofnanir sinna eftirliti með framkvæmd samninga sem þær hafa gert. Eftirlit utanríkisráðuneytis með framkvæmd samninga þróunarsamvinnustofnunar felst að mestu í samskiptum við stofnunina. Ekki hafa verið settar verklagsreglur um eftirlitið og er það háð því að framkvæmdastjóri stofnunarinnar sjái ástæðu til að segja frá samskiptum, heimsóknum, úttektum samninga o.þ.h. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að skýrar reglur og verkferlar gildi um eftirlit með framkvæmd samninga og að utanríkisráðuneyti gangi úr skugga um að þróunarsamvinnustofnun starfi í samræmi við ákvæði samninga og sinni því eftirliti sem þar er kveðið á um.

## ÁBENDINGAR TIL UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS

### 1. SKJALFESTA ÞARF VERKLAGSREGLUR VEGNA SAMNINGAMÁLA

Mikilvægt er að skýrar verklagsreglur gildi um gerð samninga og umsjón og eftirlit með þeim. Skilgreina þarf hver fer með eftirlit með skuldbindandi samningum, hvað felst í því og hvernig því skuli sinnt. Samræma þarf upplýsingar um eftirlit og setja því viðeigandi umgjörð. Þá þarf að koma endurgjöf innsendra gagna í formlegri farveg.

### 2. FYLGJAST ÞARF MEÐ ÞVÍ AÐ STOFNANIR UPPFYLLI ÁKVÆÐI SAMNINGA

Skilgreina þarf aðkomu utanríkisráðuneytis að samningum þróunarsamvinnustofnunar og eftirliti hennar með framkvæmd samninga. Mikilvægt er að ráðuneytið fylgist með því að stofnunin starfi í samræmi við ákvæði samninga og sinni því eftirliti sem þar er kveðið á um. Ein leið til þess gæti verið að ráðuneytinu bærust reglulega skýrslur þar sem fram kæmi með hvaða hætti stofnunin hefur sinnt eftirliti.

### 3. TENGJA ÞARF GREIÐSLUR VIÐ MARKMIÐ, FRAMMISTÖÐU EÐA FRAMVINDU

Ríkisendurskoðun hvetur til þess að greiðslur skuldbindandi samninga verði þar sem því verður við komið tengdar við markmið þeirra, frammistöðu verksala eða framvindu verkefna. Með því að tengja mælikvarða við skilgreinda þætti, til dæmis skil

gagna eða áfanga sem nást, má einnig setja greiðslum ákveðnar skorður og stuðla að bættri nýtingu framlaga. Mikilvægt er að ákvæði samninga tilgreini með skýrum hætti þau atriði sem litið er til við útgreiðslur og mögulegar afleiðingar þess ef skilyrði eru ekki uppfyllt.

#### 4. SAMRÆMA ÞARF ÁKVÆÐI SKULDBINDANDI SAMNINGA

Skilgreina þarf hlutverk og aðkomu utanríkisráðuneytis og þróunarsamvinnustofnunar að umsömdum verkefnum sem og eftirlit þeirra með framkvæmd samninga með skýrum og samræmdum hætti í samningum. Með því að samræma ákvæði skuldbindandi samninga má bæta samningsgerð og efla eftirlit.

#### 5. GERA Á ÚTTEKTIR Á SAMNINGUM UNDIR LOK SAMNINGSTÍMA

Ákvörðunartöku um framhald samstarfs má bæta með því að styðjast við niðurstöður formlegra úttekta undir lok samningstíma þar sem lagt er mat á framkvæmd samnings, meðferð fjárframlaga ríkisins og þann árangur sem náðist. Utanríkisráðuneyti þarf að setja verklagsreglur um úttektir undir lok samningstíma og efla þannig samningsgerð og eftirlit. Kröfu um slíkar úttektir ætti jafnframt að setja fram með skýrum hætti í samningum.

# VIÐBRÖGÐ UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS

„Ráðuneytið fagnar úttekt Ríkisendurskoðunar og telur að gagnlegt sé að fá ábendingar sem þessar. Jafnframt tekur ráðuneytið undir ábendingar Ríkisendurskoðunar og hyggst bregðast við þeim á eftirfarandi hátt:

## 1. SKJALFESTA ÞARF VERKLAGSREGLUR VEGNA SAMNINGSMÁLA

Stýrihópurinn mun fela fagteymi ráðuneytisins og ÞSSÍ um verklag og eftirlit að vinna drög að verklagsreglum um samstarfssamninga við frjáls félagasamtök. Fagteymið mun meðal annars vinna að því að koma endurgjöf innsendra gagna í formlegri farveg.

## 2. FYLGJAST ÞARF MEÐ ÞVÍ AÐ STOFNANIR UPPFYLLI ÁKVÆÐI SAMNINGA

Ráðuneytið hyggst skilgreina aðkomu utanríkisráðuneytisins að samningum ÞSSÍ og eftirlit þess með framkvæmd samninga. Ennfremur hyggst ráðuneytið setja skýrar reglur og verkferla um eftirlit utanríkisráðuneytisins með því að ÞSSÍ starfi í samræmi við ákvæði samninga og sinni því eftirliti sem þar er kveðið á um. Slíkt verklag gæti m.a. falið í sér að stýrihópnum bærust reglulega skýrslur þar sem fram kæmi með hvaða hætti stofnunin hefur sinnt slíku eftirliti.

## 3. TENGJA ÞARF GREIÐSLUR VIÐ MARKMIÐ, FRAMMISTÖÐU EÐA FRAMVINDU

Ráðuneytið hyggst, þar sem því verður við komið, hafa ákvæði í skuldbindandi samningum þess sem tengja greiðslur við markmið samninga, framvindu verkefna eða frammistöðu samningsaðila, svo sem upplýsingaskil eða áfanga sem nást. Stýrihópurinn mun fela fyrrgreindu fagteymi að skoða málið frekar og koma með tillögur.

## 4. SAMRÆMA ÞARF ÁKVÆÐI SKULDBINDANDI SAMNINGA

Stýrihópurinn mun fela fyrrgreindu fagteymi að skilgreina hlutverk og aðkomu utanríkisráðuneytis og ÞSSÍ að umsömdum verkefnum sem og eftirlit þeirra með framkvæmd samninga með skýrum og samræmdum hætti í samningum. Fagteyminu ber að koma með tillögur að samræmdum ákvæðum í samningum. Ráðuneytið telur að við gerð slíkra ákvæða beri að hafa hliðsjón af eðli og tilurð samninga sem getur haft töluverð áhrif á inntak þeirra. Einnig mun ráðuneytið skoða þann möguleika að úttektir verði gerðar á framkvæmd langtímasamninga á samningstíma þeirra sbr. lið nr. 5.

## 5. GERA ÚTTEKTIR Á SAMNING UNDIR LOK SAMNINGSTÍMA

Stýrihópurinn mun fela fagteyminu að koma með tillögur að verklagsreglum um úttektir á framkvæmd langtímasamninga á samningstíma þeirra og skuldbindandi samningum undir lok samningstíma. Einnig mun stýrihópurinn fela fagteyminu að skoða skuldbindandi samninga og koma með tillögur að ákvæðum um slíkar úttektir í samningum. Jafnframt er fyrirhugað að allar úttektir á verkefnum verði lagðar fyrir stýrihópinn, hann fjalli um tillögur sem þar koma fram og hafi skýrt hlutverk við að fylgjast með hugsanlegum aðgerðum sem ákveðið er að ráðast í á grundvelli úttekta.“

# 1 INNGANGUR

Í úttektum sínum hefur Ríkisendurskoðun iðulega orðið þess áskynja að bæta þurfi meðferð samninga sem ráðuneyti og stofnanir gera við samtök, einkaaðila eða sveitarfélög um tiltekin verkefni. Þá hafa þingmenn lýst áhuga á því að fá upplýsingar um umfang framlaga, hvernig þeim er ráðstafað og hvernig eftirliti með samningum er háttað. Ákveðið var að kalla eftir afritum allra rekstrar- og þjónustusamninga ríkisins í árslok 2010 og leiddi yfirferð þeirra í ljós að um fjórðungur samninga sem greitt var eftir á árinu 2011 var útrunninn.

Í kjölfarið ákvað stofnunin að skoða nánar framkvæmd, eftirlit og eftirfylgni ráðuneyta með tilteknum flokki samninga sem skilgreindur er sem „skuldbindandi samningar“ í fjárlögum. Þess ber að geta að ráðuneytin fara með yfirstjórn mála sem undir þau heyra, marka stefnu og hafa eftirlit með fjárreiðum stofnana sinna. Með þessari úttekt er leitast við að fá yfirsýn um stöðu mála, m.a. hve mikið er um að greitt sé eftir útrunnum samningum, hvernig eftirlitshlutverk er skilgreint í samningum og hvernig ráðuneyti sinna samningamálum. Við úttektina er m.a. stuðst við reglugerðir<sup>1</sup> um samninga sem ráðuneyti og stofnanir gera en ekki er lagt mat á það hvort ákvæði í samningum séu tæmandi eða viðeigandi lýsing á eftirlitshlutverki ráðuneyta og stofnana þeirra. Í úttektinni er lögð megináhersla á að kanna hvort starfað er í samræmi við ákvæði samninga.

Ráðherrum er heimilt að gera rekstrar- og þjónustusamninga við samtök, einkaaðila eða sveitarfélög um verkefni sem heyra undir ráðuneyti þeirra. Ýmist gerir ráðherra slíka samninga einn og sér eða í samstarfi við aðra ráðherra. Þá geta ráðherrar gert samninga ásamt fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 83/2000, um láns- og reikningsviðskipti í A-hluta ríkissjóðs, ber stofnun að leita skriflegrar heimildar fjármálaráðuneytis og viðkomandi fagráðuneytis fyrir öllum skuldbindingum til lengri tíma en 90 daga. Henni er jafnframt óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með samningum án þess að fyrir liggi heimild í lögum eða samþykki ráðuneytis.

Skýrsla sú sem hér liggur fyrir er áttundi og síðasti hluti úttektar Ríkisendurskoðunar á skuldbindandi samningum einstakra ráðuneyta. Frekar verður unnið með samninga ríkisins á næstu misserum en enn hefur ekki verið skilgreint með hvaða hætti það verður.

Ríkisendurskoðun þakkar öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við úttektina.

**FJÓRÐUNGUR  
SAMNINGA VAR  
ÚTRUNNINN**

**MEGINÁHERSLAN AÐ  
KANNA HVORT  
ÁKVÆÐUM  
SAMNINGA ER FYLGT**

**ÁTTUNDI HLUTI  
ÚTTEKTAR Á  
SKULDBINDANDI  
SAMNINGUM**

---

<sup>1</sup> Reglugerð nr. 262/1999 um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum um verklegar framkvæmdir og rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

## 2 SKULDBINDANDI SAMNINGAR UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

### 11 VIRKIR SAMN- INGAR Á ÁRINU 2011

### 2.1 FJÖLDI, KOSTNAÐUR OG GILDISTÍMI

Á undanförunum árum hafa einstök fagráðuneyti gert fjölmarga skuldbindandi samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um tiltekin verkefni. Í þessari úttekt er sjónum eingöngu beint að 11 samningum utanríkisráðuneytis sem skilgreindir eru í yfirlitinu „Skuldbindandi samningar“ í fjárlögum og voru virkir á árinu 2011 (sbr. töflu 2.1). Með virkum samningum er átt við samninga sem greitt var eftir á árinu 2011, hvort sem gildistími þeirra var útrunninn eða ekki.

2.1 Samningar sem heyra undir utanríkisráðuneyti			
	VERKKAUPI	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR 2011 (M.KR.)	GILDISTÍMI
RAUÐI KROSS ÍSLANDS	RÁÐUNEYTI	5	2009–2011
FÉLAG SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Á ÍSLANDI	RÁÐUNEYTI	3,6	2010–2012
LANDSNEFND UNIFEM Á ÍSLANDI	RÁÐUNEYTI	5	2010–2012
BENGUELA CURRENT COMMISSION	ÞSSÍ	12,7	2008–2011
HEILSUGÆSLA Í MONKEY BAY, MALAVÍ	ÞSSÍ	84,4	2009–2011
FULLORÐINSFRÆÐSLA Í MÓSAMBÍK	ÞSSÍ	54	2008–2012
JARÐHITAVERKEFNI, NIKARAGVA	ÞSSÍ	72,7	2008–2012
AÐSTOÐ VIÐ FISKIM.RÁÐUN Í MÓSAMBÍK	ÞSSÍ	135,1	2009–2013
FISKGÆÐAVERKEFNI, ÚGANDA	ÞSSÍ	112,6	2009–2013
KALANGALA BYGGÐAÞRÓUN, ÚGANDA	ÞSSÍ	154,2	2006–2015
NORRÆNA AFRÍKUSTOFNUNIN (NAI)	ÞSSÍ	3,7	ÓTÍMABUNDIÐ
<b>SAMTALS</b>		<b>643,2</b>	

Samningar sem ráðuneytið hefur sjálft gert eru samstarfsyfirlýsingar og samstarfs-samningar sem hafa það markmið að efla starfsemi hlutaðeigandi samtaka og auka samráð og samvinnu þeirra við stjórnvöld. Á heimasíðu utanríkisráðuneytis kemur fram að um 40% framlaga til þróunarmála renna til verkefna þróunarsamvinnustofnunar. Stofnuninni er ætlað að vinna að samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lökust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu<sup>2</sup>.

<sup>2</sup> Heimasíða Þróunarsamvinnustofnunar Íslands: <http://www.iceida.is/um-thssi/>



Þrjú samningar runnu út á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að samkomulag um samstarf við Rauða Kross Íslands verði endurnýjað á árinu 2012. Samningur um *Benguela Current Commission* verður ekki framlengdur. Á grunni samstarfsáætlunar sem vinna þarf fyrir hvert land er verið að undirbúa samstarfsáætlun fyrir Malaví og framhald heilsugæsluverkefnis í Monkey Bay. Slíkar áætlanir verða einnig gerðar fyrir verkefni í Úganda og Mósambík en samningar um þau renna út á næstu árum. Samningar ráðuneytisins við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Landsnefnd UNIFEM renna út á árinu 2012. Ráðuneytið mun huga að endurnýjun þeirra á síðari hluta ársins. Í viðræðum milli samningsaðila verður mat lagt á árangur samstarfsins og grundvöllur fyrir áframhaldandi samstarfi kannaður.

Ríkisendurskoðun hyggst fylgjast með endurnýjun og framlengingu samninga og hefur óskað eftir afritum nýrra samninga jafnóðum og þeir verða gerðir.

## 2.2 ÁKVÆÐI SKULDBINDANDI SAMNINGA

Úttekt Ríkisendurskoðunar á skuldbindandi samningum utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar einskorðaðist við eftirlitshlutverk ráðuneytisins eins og því er lýst í samningunum og fylgigögnum þeirra og var ákvæðum þeirra skipt í flokka (sbr. töflu 2.2). Af yfirlitinu að dæma er ljóst að samræma þarf upplýsingar sem fram koma í samningum utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar. Í öllum samningum sem ráðuneytið hefur gert er kveðið á um samráðsfundi eða heimsóknir verkkaupa og reglulega endurskoðun samninga. Hins vegar eru ákvæði um samráðsfundi eða heimsóknir aðeins í 75% samninga sem Þróunarsamvinnustofnun hefur gert og aðeins fjórðungur samninga stofnunarinnar kveður á um reglulega endurskoðun. Þá kveða 88% samninga Þróunarsamvinnustofnunar á um úttekt undir lok samningstíma en enginn samningur utanríkisráðuneytisins hefur slíkt ákvæði. Að mati Ríkisendurskoðunar er samræming ákvæða í samningum mikilvæg. Hún stuðlar að bættri samningsgerð og einfaldar og auðveldar um leið bæði eftirlit og eftirfylgni með samningum.

**SAMRÆMING  
ÁKVÆÐA Í  
SAMNINGUM  
MIKILVÆG**

2.2 Hlutfall virkra samninga með ákvæðum um eftirfarandi atriði	UTANRÍKIS RÁÐUNEYTI	ÞRÓUNAR- SAMVINNUST.
SAMRÁÐSFUNDIR/HEIMSÓKNIR VERKKAUPA	100%	75%
ÁRLEG/REGLULEG ENDURSKOÐUN SAMNINGS	100%	25%
ÚTTEKT Á SAMNINGSTÍMA	67%	88%
UPPLÝSINGAR UM REKSTUR	67%	75%
SAMRÁÐ UM VERKEFNAVAL/ÞJÓNUSTU	33%	63%
SKILYRÐI FYRIR GREIÐSLUM	33%	63%
ÚTTEKT UNDIR LOK SAMNINGSTÍMA	0%	88%
GREINING GAGNA (T.D. REKSTRARUPPLÝSINGAR)	0%	25%

Allir samningar ráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar eru gerðir til lengri tíma en eins árs. Engu að síður er, eins og áður sagði, aðeins fjórðungur samninga Þróunarsamvinnustofnunar með ákvæði um reglulega endurskoðun samnings. Þá vekur athygli að aðeins er kveðið á um að samningsaðilar skili verkkaupa ársreikningi, ársskýrslu eða öðrum upplýsingum um rekstur sinn í um 70% samninganna. Áætlaður kostnaður vegna þeirra samninga sem ekki bera ákvæði um upplýsingaskil nam 63

m.kr. á árinu 2011. Einnig vekur athygli að einungis í um helmingi samninga eru greiðslur tengdar markmiðum samnings, framvindu verkefnis eða frammistöðu verksala, svo sem upplýsingaskilum. Nam áætlaður kostnaður vegna samninga án slíkra skilyrða 280 m.kr. á árinu 2011.

### 2.3 EFTIRLIT Á SAMNINGSTÍMA

Árið 2011 voru settar sameiginlegar verklagsreglur um samstarf utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar við frjáls félagasamtök sem starfa að þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðarstörfum á alþjóðavettvangi. Styrkir eru veittir til verkefna sem unnin eru í nafni viðkomandi félagasamtaka, í samstarfi við samtök í móttökulandinu og á vegum alþjóðlegra samtaka. Innan utanríkisráðuneytis starfar sérstakur stýrihópur um þróunarsamvinnu sem er ráðuneytistjóra til ráðgjafar um eftirlit með rekstri, faglegum afgreiðslumálum og skuldbindingum á sviði þróunarsamvinnu, þar á meðal þróunarsamvinnustofnunar. Stýrihópurinn tók til starfa árið 2009 og hefur síðan þá fundað reglulega. Á fundum stýrihópsins fer meðal annars fram formlegt eftirlit yfirstjórnar ráðuneytisins með störfum á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, svo sem með almennum rekstri, framkvæmdum og aðgerðum þróunarsamvinnusviðs ráðuneytisins og þróunarsamvinnustofnunar. Á þeim tíma sem stýrihópurinn hefur starfað hefur reynslan leitt í ljós að efla mætti hlutverk hans á nokkrum sviðum, meðal annars með umfjöllun um úttektir á verkefnum. Þannig verði allar úttektir lagðar fyrir stýrihópinn, hann fjalli um tillögur sem þar kunna að koma fram og hafi skýrt hlutverk við að fylgjast með hugsanlegum aðgerðum sem ákveðið er að ráðast í á grundvelli úttekta.

Við eftirlit á samningstíma leggur ráðuneytið áherslu á samráðsfundi. Í öllum samningum utanríkisráðuneytis er kveðið á um reglulega samráðsfundi samningsaðila. Ráðuneytið skal að minnsta kosti tvisvar á ári funda með aðilum Landsnefndar UNIFEM og Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Starfsmaður utanríkisráðuneytis heldur utan um framkvæmd samstarfssamninga, fylgist með framgangi þeirra, kemur að vinnu við aðgerðaráætlanir í samstarfi við samningsaðila, tryggir gagnkvæmt upplýsingaflæði og kemur að skipulagningu sameiginlegra verkefna og viðburða fyrir hönd ráðuneytisins. Þá boðar starfsmaður ráðuneytisins til funda þar sem farið er yfir framkvæmda- og fjárhagsáætlanir, drög að ársskýrslum eru lögð fram, verkefni og viðburðir á döfinni rædd og almennt farið yfir samstarfið. Auk formlegra samráðsfunda er gert ráð fyrir óformlegu samráði í sameiginlegum aðgerðaáætlunum við félögin. Áætlanirnar tilgreina meðal annars verkefni og aðgerðir á tímabilinu og að halda skuli samráðsfundi á tveggja mánaða fresti með það að leiðarljósi að efla gagnkvæmt upplýsingaflæði og til þess að fylgjast með gangi mála. Slíkir óformlegir samráðsfundir fylgja eftir niðurstöðum og ákvörðunum formlegra samráðsfunda. Þá kynna félögin starfsemi sína fyrir starfsfólki ráðuneytisins og upplýsa um stöðu og framvindu jafnréttismála á alþjóðavettvangi og framgang þúsaldarmarkmiðanna.

Í samstarfsyfirlýsingu utanríkisráðuneytis og Rauða Kross Íslands er kveðið á um árlegan samráðsfund þar sem farið er yfir stöðu mannúðarmála í heiminum. Fundirnir skulu einkum vera haldnir í tengslum við heimsóknir fulltrúa Alþjóða Rauða krossins til landsins. Þess utan er um að ræða reglulegt óformlegt samráð með skýrslugjöf og kynningum Rauða Kross Íslands, meðal annars með þátttöku hagsmunaaðila á vett-

vangi. Þá hafa verið haldin námskeið um mannúðarmál fyrir sérfræðinga og starfsfólk ráðuneytisins.

Á árinu 2010 var settur upp gagnagrunnur í utanríkisráðuneyti sem heldur utan um verkefni og framlög Íslands til þróunarsamvinnu. Verklag vegna samninga utanríkisráðuneytis er í ákveðnu ferli sem haldið er utan um í málaskrá ráðuneytisins. Sérstakar verklagsreglur vegna samstarfssamninga við frjáls félagasamtök hafa ekki verið skjalfestar en vegna samninga um styrki, sem veittir eru til frjálsra félagasamtaka vegna verkefna á sviði þróunarsamvinnu og mannúðar- og neyðarstarfa á alþjóðavettvangi, gilda verklagsreglur um samstarf utanríkisráðuneytis og þróunarsamvinnustofnunar.

**VERKLAG Í ÁKVEÐNU  
FERLI EN VERKLAGS-  
REGLUR HAFU EKKI  
VERIÐ SKJALFESTAR**

Ekki er tekið fram með skýrum hætti í samstarfssamningunum að utanríkisráðuneyti hafi eftirlit með framkvæmd samninga. Skýringu þessa segir ráðuneytið vera svo:

Samstarfssamningar ráðuneytisins við tiltekin frjáls félagasamtök sem starfa að þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðarstörfum hafa að markmiði aukið samstarf og samráð, með reglulegum samráðsfundum, þar sem nánar er tilgreint hvernig samstarfið skal aukið. Flestar samstarfsaðgerðir eru undirbúnar í sameiningu og því báðir samningsaðilar virkir þátttakendur í framkvæmd aðgerða og eftirlit beggja aðila með frammistöðu og framkvæmd því í raun stöðugt.

Formlegt eftirlit og eftirfylgni með skuldbindandi samningum utanríkisráðuneytis og þróunarsamvinnustofnunar fer fram á fundum stýrihóps um þróunarsamvinnu. Stýrihópurinn og fagteymi um verklag og eftirlit hafa einnig það hlutverk að samræma eftirlit og eftirfylgni með framkvæmd samninganna. Ráðuneytið segir áfram verða unnið að frekari samræmingu. Mikilvægt er að ákvæði um eftirlit með framkvæmd samninga séu sambærileg og eftirliti með þeim sinnt með samræmdum hætti.

#### UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI

Í tveimur af þremur virkum samningum utanríkisráðuneytis er kveðið á um að það skuli reglulega fá upplýsingar um starfsemi samningsaðila, til dæmis ársreikninga, árskýrslur og áætlanir. Feli ákvæði samninga í sér einhvers konar samþykki ráðuneytis á upplýsingum er mikilvægt að yfirfara þau gögn sem berast. Sé það ekki gert getur það orðið til þess að ráðuneytið greiði óafvitandi fyrir þjónustu sem ekki er í samræmi við samning. Sendi aðili á samningstíma umsamin gögn sem fela í sér upplýsingar um að starfsemi sé með öðrum hætti en um var samið getur orðið erfitt að sækja bætur vegna samningsbrota hafi ráðuneytið ekki yfirfarið gögnin og gert viðeigandi athugasemdir.

**MIKILVÆGT AÐ  
YFIRFARA ÞAU GÖGN  
SEM BERAST**

Meðferð innsendra gagna fylgir almennum verklagsreglum ráðuneytisins um móttöku gagna er tengjast málum í málaskrá. Skýrslur um námskeið um mannúðarmál eru geymdar í málaskrá ráðuneytisins og niðurstöður funda eru að öllu jöfnu skráðar sem fundafrásögn í málaskrá. Um verklag ráðuneytisins segir það meðal annars:

Ráðuneytið kallar eftir umræddum gögnum í fundarboðum fyrir formlega samráðsfundi sem haldnir eru tvisvar á ári. Farið er yfir gögnin á fundum með samningsaðilum, mat lagt á þau í samanburði við áætlanir og tölur fyrri ára og óskað útskýringa þegar þess er þörf.



Ráðuneytið skilar samningsaðilum ekki formlegu mati á innsendum gögnum. Sé eitt-hvað óljóst eða upplýsingar ekki viðunandi óskar ráðuneytið eftir frekari útskýringum, annaðhvort á samráðsfundi eða síðar með formlegum hætti. Utanríkisráðuneyti og Þróunarsamvinnustofnun hafa komið á fót fagteymi um verklag og eftirlit þar sem áhersla er lögð á árangur, skilvirkni og vönduð og fagleg vinnubrögð í þróunarsamvinnu Íslands. Ríkisendurskoðun telur að við vinnu sína þurfi fagteymið að huga að því að koma endurgjöf innsendra gagna í formlegri farveg.

#### SKILYRÐI FYRIR GREIÐSLUM

Í samstarfssamningi við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er gert ráð fyrir því að endurskoða megi framlag ráðuneytisins árlega með tilliti til stöðu verkefnaáætlunar og fjárhagsstöðu félagsins. Ekki hefur reynt á ákvæðið fram til þessa við útgreiðslur heldur hefur verið greidd umsamin lágmarksfjárhæð á samningstímanum. Engin skilyrði eru sett fyrir greiðslum að öðru leyti í samningnum og ekki er kveðið á um skilyrði greiðslna í öðrum samningum ráðuneytisins. Við útgreiðslur lítur ráðuneytið til fjárveitinga, greiðslu- og fjárhagsáætlana og ákvæða samninga, svo sem um skýrslugjöf. Innsendar skýrslur eru yfirfarnar og á grundvelli þeirra er metið hvort skilyrði samnings hafi verið uppfyllt. Einnig er litið til samskipta við samningsaðila á samningstíma.

Tenging greiðslna við skilgreinda frammistöðu verksala, svo sem gæði þjónustu, framvindu verkefnis eða hvort markmið samnings náist, stuðlar að því að aðeins sé greitt fyrir starfsemi sem stenst tilskildar kröfur. Við útgreiðslur lítur ráðuneytið til ákveðinna upplýsinga um framkvæmd samnings en samningar þess kveða þó ekki skýrt á um að greiðslur séu háðar þeim upplýsingum. Ríkisendurskoðun mælist til þess að utanríkisráðuneyti leitist við að kveða skýrt á um það í samningum sínum til hvaða gagna verði litið við útgreiðslur og hvaða áhrif þau kunni að hafa á framlög ríkisins.

## 2.4 ÚTTEKT OG ENDURSKOÐUN SAMNINGA

Í tveimur af þremur samningum utanríkisráðuneytis er kveðið á um að ráðuneytið geti gert úttektir á samningstíma. Aðeins einn samningur hefur ákvæði þar sem skýrt er kveðið á um endurskoðun á samningstíma en í tveimur samningum kemur fram að samningsaðilar geti óskað eftir endurskoðun. Athygli vekur að enginn samningur hefur ákvæði um úttekt á verkefnum og meðferð framlaga ríkisins undir lok samningstíma.

Samningar utanríkisráðuneytis voru allir gerðir til tveggja ára. Ákvæði um úttekt tilgreina að ráðuneytið geti hvenær sem er kynnt sér verkefnastöðu, framkvæmd gerðra áætlana og árangur, sem og látið fara fram athugun á fjárreiðum sem falla undir gildisvið samnings. Í svörum ráðuneytisins kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir því að úttekt verði gerð á samningunum þremur. Ekki sé gerð krafa um úttektir á störfum Félags Sameinuðu þjóðanna og Landsnefndar UNIFEM þar sem um sé að ræða lága rekstrarstyrki sem fela í sér markmið um að efla starfsemina og auka samvinnu við stjórnvöld. Vegna samnings við Rauða Kross Íslands, þar sem fé er veitt til einstakra þróunarverkefna, sé það mat ráðuneytisins að eftirlitskerfi Alþjóðaráðs Rauða Krossins sé fullnægjandi. Í því felast reglulegar framvinduskýrslur, bókhald og úttektir. Þá tekur ráðuneytið fram að haldnir séu reglulegir samráðsfundir samningsaðila þar sem samstarfssamningunum er fylgt eftir.

Utanríkisráðuneyti metur árangur skuldbindandi samninga meðal annars með samanburði ársskýrslna og framkvæmdaáætlana og með því að fylgjast með hvort ákvæði samnings hafi verið uppfyllt með fullnægjandi hætti, aðgerðaráætlunum framfylgt og verkefni innleidd. Þó sé erfitt að meta víðtækari árangursmarkmið samninganna þar sem oft séu engin grunnviðmið til að mæla slíkan árangur gagnvart. Til þess að mæla árangur tiltekinna markmiða samstarfssamninga þyrfti að fara út í viðamiklar aðgerðir, svo sem almennar kannanir á þekkingu og viðhorfi almennings til þróunarmála á Íslandi. Alþjóðasamfélagið er sífellt að vinna að umbótum á því hvernig best sé að meta sjálfbæran árangur af þróunarverkefnum og hanna verkefni með þeim hætti að unnt sé að tryggja sjálfbæran árangur. Stofnaður hefur verið sérstakur hópur ríkja sem vinna að leiðum til framfara á sviðum árangurs og ábyrgðar í þróunarsamvinnu og tekur Ísland þátt í starfi hans. Sum markmið samstarfssamninganna er einfaldara að meta og er árangur samstarfsins ræddur á reglulegum samráðsfundum samningsaðila.

Um endurskoðun samninga segir ráðuneytið samstarfs- og samráðsvilja vera grundvallarforsendur fyrir samstarfssamningum þess við félagasamtök. Eðli viðkomandi samnings hafi áhrif á hvort rétt sé að kveða á um endurskoðun samnings á samningstíma.

Ríkisendurskoðun hvetur til þess að úttektir verði gerðar á framkvæmd langtíma-samninga á samningstíma þeirra. Slík yfirferð veitir meðal annars upplýsingar um það hvernig fjárframlagi er ráðstafað, hvort unnið sé í samræmi við samning og hvort markmiðum sé náð. Niðurstöður hennar gætu bent til þess að endurskoða þyrfti samning. Slík endurskoðun yrði að öllum líkindum til þess að bæta framkvæmd samnings.

**ÚTTEKTIR VERÐI  
GERÐAR Á FRAM-  
KVÆMD LANGTÍMA-  
SAMNINGA**

## 2.5 EFTIRLIT MEÐ STOFNUNUM

Ráðuneyti ber að hafa eftirlit með fjárreiðum og skuldbindingum stofnana sem undir það heyra. Í því felst meðal annars að fylgjast með því hvort og þá með hvaða hætti stofnanir sinna eftirliti með framkvæmd samninga sem þær hafa gert. Eftirlit utanríkisráðuneytis með framkvæmd samninga sem Þróunarsamvinnustofnun hefur gert er að mestu falið í samskiptum við stofnunina. Stýrihópur um þróunarsamvinnu er ráðuneytisstjóra til ráðgjafar um eftirlit með rekstri, faglegum afgreiðslumálum og skuldbindingum á sviði þróunarsamvinnu, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnunar.

Framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar ber ábyrgð á daglegri framkvæmd og rekstri stofnunarinnar og kemur upplýsingum til stýrihóps ráðuneytisins telji hann ástæðu til. Til grundvallar þeirri starfsemi sem telst til daglegs reksturs stofnunarinnar liggja verklagsreglur sem stjórn stofnunarinnar samþykkti í mars 2004. Stofnunin vinnur nú að endurskoðun þessara reglna í samstarfi við ráðuneytið og er stefnt að því að setja fram skýra sýn um almenna starfhætti. Árið 2011 voru settar sameiginlegar verklagsreglur um samstarf utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar við frjáls félagasamtök sem starfa að þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðarstörfum á alþjóðavettvangi.

Eftirlit ráðuneytisins með því hvort Þróunarsamvinnustofnun vinnur í samræmi við samninga sem stofnunin gerir er háð því að framkvæmdastjóri stofnunarinnar telji þörf á að segja frá samskiptum, heimsóknum, úttektum samninga o.þ.h. Stýrihópur ráðuneytisins er sá vettvangur sem slíkar upplýsingar kæmu fram á. Ekki gilda sérstakar verklagsreglur um eftirlit ráðuneytisins en í svörum sínum vísar það til þess að ákveðnar verklagsreglur gildi fyrir starfsemi stofnunarinnar og stendur til að ráðuneytið komi að endurskoðun þeirra.

Stýrihópur utanríkisráðuneytis og umfjöllun hans um úttektir á verkefnum og annað sem framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar telur mikilvægt að ræða er að mati Ríkisendurskoðunar skref í átt að öfluggu eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd samninga sem stofnanir þess gera. Ríkisendurskoðun bendir þó á að skjalfesta þarf verklagsreglur vegna eftirlitsins. Skilgreina þarf aðkomu ráðuneytisins að samningum Þróunarsamvinnustofnunar og eftirliti hennar með framkvæmd samninga. Mikilvægt er að skýrar reglur og verkferlar gildi fyrir eftirlit með framkvæmd samninga og að gengið sé úr skugga um að Þróunarsamvinnustofnun starfi í samræmi við ákvæði samninga og sinni því eftirliti sem þar er kveðið á. Ein leið til þess gæti verið að ráðuneytinu bærust reglulega skýrslur frá stofnuninni þar sem fram kæmi með hvaða hætti eftirliti hefur verið sinnt.

#### STOFNUN MÓTTEKUR OG GREINIR GÖGN

Tveir samningar Þróunarsamvinnustofnunar hafa ákvæði um greiningu gagna. Samkvæmt ákvæðum samnings um fullorðinsfræðslu í Mósambík er hlutverk fulltrúa stofnunarinnar meðal annars að samþykkja áætlanir, greina upplýsingar um fjármál og framgang verkefnisins og útbúa skýrslur um starfsemina. Í samningi um fiskgæðaverkefni í Úganda er ákvæði um að Þróunarsamvinnustofnun muni árlega koma að endurskoðun reikninga vegna verkefnisins. Aðspurt með hvaða hætti ráðuneytið fylgist með því að stofnunin sinni þessu hlutverki svaraði það svo:

Starfsmenn ÞSSÍ [Þróunarsamvinnustofnunar Íslands] í Úganda yfirfara öll bókhaldsgögn varðandi fiskgæðaverkefnið með reglubundnum hætti sem er skilyrði fyrir áframhaldandi greiðslum. Þá er jafnframt hægt að biðja um óháða endurskoðun frá utanaðkomandi aðila ef sérstakar ástæður kalla á slíka endurskoðun. Endurskoðun reikninga með þessum hætti telst falla innan daglegrar framkvæmdar og reksturs stofnunarinnar og er því á ábyrgð framkvæmdastjóra ÞSSÍ. Telji framkvæmdastjóri efni til, þá ber hann slíkt upp á stýrihópsfundi.

Auk ákvæða um greiningu gagna er í 75% samninga kveðið á um regluleg upplýsingaskil samningsaðila, til dæmis ársreikninga, ársskýrslna, lokaskýrslna eða framvinduskýrslna. Ráðuneytið segir að í þeim verkefnum þar sem Þróunarsamvinnustofnun er ekki beinn framkvæmdaraðili þurfi samstarfsaðili skilyrðislaust að standa skil á uppgjöri með formlegum hætti. Þar sem stofnunin er beinn framkvæmdaraðili eigi þetta ekki við því öll fjármálasýsla og uppgjör fari fram innan stofnunarinnar. Innsend gögn eru vistuð í skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar og gilda almennar verklagsreglur málaskrár um meðferð gagnanna. Niðurstöður funda eru einnig skráðar sem fundafrásögn í málaskrá. Í svörum ráðuneytisins kom fram að Þróunarsamvinnustofnun greinir raunútgjöld með reglubundnum hætti og ber saman við áætlun verkefnis, annaðhvort

í gegnum eigið fjárhagskerfi eða með reglubundnum fjármálaskýrslum frá samstarfsaðilum. Slík vinnubrögð eru til fyrirmyndar að mati Ríkisendurskoðunar. Þó bendir stofnunin á að mikilvægt er að ákvæði samninga endurspegli vinnubrögð stofnunarinnar.

Aðspurt um það hvernig ráðuneytið fylgist með því að stofnunin virði ákvæði um upplýsingaskil í samningum sínum vísar utanríkisráðuneyti til þess að móttaka slíkra gagna teljist til daglegrar framkvæmdar og reksturs stofnunarinnar og sé því á ábyrgð framkvæmdastjóra hennar. Eins og áður kom fram er mikilvægt að verkkaupi yfirfari innsendar upplýsingar um starfsemi. Komi síðar fram að starfsemi hafi verið með öðrum hætti en um var samið verður erfitt fyrir verkkaupa að sækja bætur vegna samningsbrota hafi hann ekki yfirfarið gögnin og gert viðeigandi athugasemdir. Ráðuneytið verður því að ganga úr skugga um að stofnun þess yfirfari þau gögn sem berast.

#### **GANGA ÞARF ÚR SKUGGA UM AÐ INNSEND GÖGN SÉU YFIRFARIN**

#### **SKILYRÐI FYRIR GREIÐSLU**

Í 63% samninga Þróunarsamvinnustofnunar er tekið fram að greiðslur geti verið háðar ákveðnum skilyrðum, til dæmis hafi stofnunin rétt á að stöðva greiðslur ef framlög eru ekki notuð í samræmi við samninga eða ef koma fram frávik frá áætlunum eða upplýsingar um spillingarmál. Í einum samningi er hluti greiðslna háður upplýsingaskilum. Þrátt fyrir að ákvæði samninga tilgreini það ekki sérstaklega segir ráðuneytið það vera almenna reglu að greiðslur séu tengdar framvindu verkefna. Í raun miðist hömlur á greiðslur alltaf við upplýsingagjöf til stofnunarinnar. Þá hefur verið við lýði samþykkt vinnulag um að greiðslur til samstarfsaðila stofnunarinnar séu háðar upplýsingaskilum. Eftirlit stofnunarinnar með ákvæðum sem þessum er rætt á fundum stýrihóps ráðuneytisins.

Í þeim löndum sem Þróunarsamvinnustofnun starfrækir skrifstofur er fylgst náið með umræðum um spillingu og hvað stjórnvöld gera til að uppræta hana. Þá hafa vestræn ríki náið samráð í hverju landi þar sem fylgst er með ástandinu almennt, svo sem lýðræðisþróun, mannréttindum og spillingu. Að mati Þróunarsamvinnustofnunar fer virkt eftirlit með spillingu tengdri verkefnum einnig fram með styrkri fjármálastjórn verkefnis.

#### **ÚTTEKT SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM SAMNINGS**

Í sjö af átta virkum samningum Þróunarsamvinnustofnunar eru ákvæði um úttektir á samningstíma og/eða undir lok hans. Úttektir á tveimur samningum hafa farið fram og eru úttektir á þremur samningum til viðbótar í undirbúningsferli. Stefnt er að því að úttektirnar fari fram á árinu 2012. Úttektir á Kalangala, byggðaþróun og jarðhitaverkefni í Níkaragúa voru lagðar til grundvallar endurskoðunar framkvæmdaáætlunar fyrir seinni hluta verkefnanna. Tekið var tillit til athugasemda og ábendinga fyrir framhald verkefnanna. Stýrihópur utanríkisráðuneytis hefur tekið úttektir á verkefnum Þróunarsamvinnustofnunar fyrir á fundum sínum. Á meðal umræðuefnis var hvort talin væri þörf á sérstökum viðbrögðum vegna niðurstaðna úttekta.

Í verklagsreglum Þróunarsamvinnustofnunar er fjallað um úttektir, svo sem lokaúttektir, innri úttektir og úttektir óháðra aðila. Kemur skýrt fram að gera skuli úttekt þegar samningstíma lýkur. Ráðuneytið segir að úttektir hafi farið fram við lok allra verkefna stofnunarinnar með örfáum undantekningum hingað til en hér eftir verði

#### **SKÝRT KVEÐIÐ Á UM ÚTTEKTIR ÞEGAR SAMNINGSTÍMA LÝKUR**



þær gerðar án undantekninga. Samningur um heilsugæslu í Monkey Bay rann sitt skeið á árinu 2011. Ekki er kveðið á um úttekt undir lok samningstíma en í samræmi við verklagsreglur stendur til að taka samninginn út. Lokaskýrsla var gerð í desember 2011 og verður gerð úttekt á verkefninu eftir 2–3 ár þegar hægt verður að meta áhrif verkefnisins á heilsufar fólks. Þá stendur til á árinu 2012 að gera úttekt á samningi við Norrænu Afríkustofnunina (NAI), verkefni sem miðar að því að draga úr fátækt í Afríku og auka þróun í álfunni, en ekki er kveðið á um slíka úttekt í samningnum.

Mat á árangri samnings kemur fram í lokaúttekt á verkefni og er þá til dæmis miðað við mælikvarða sem settir voru fram í verkefnaskjali. Mat á því hvort markmið samninga hafi náðst getur verið flókið þar sem erfitt getur reynst að leggja afdráttarlaust mat á árangur eða markmið. Úttektir og árangursmat samninga eru rædd á fundum stýrihóps.